



## Stóru kubbarnir

Stóru kubbarnir, Hollow-kubbar, eru eins og nafnið gefur til kynna nokkuð stórir en holir að innan og gera þeir því börnunum kleift að byggja stórar byggingar, sem þau geta jafnvel farið inní og það er einmitt einn stærsti kosturinn við þessa gerð kubba. Börnin geta byggt byggingar sem þau geta nýtt sér sjálf og „farið inn í“ sinn ímyndaða heim. Í vinnu með kubbana þjálfast grófhreyfingar sem og formhugsun. Stundum er annar efniviður, s.s. efnisbúta, búningar, teppi, dúkkur og stýri, notaður til auka við notkun kubbanna. Í Uglukletti eigum við bæði stærri og minni gerð af Hollow kubbum.

